

STÆKKUN HELGUVÍKURHAFNAR, REYKJANESBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Helguvíkurfhafnar, Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þarf leyfi Umhverfisstofnunar til að varpa efni og hlutum í hafið, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Reykjaneshöfn og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. júlí 2008.

26. júní 2008

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 8. maí 2008 tilkynnti Reykjaneshöfn stækkun Helguvíkurhafnar í Reykjanesbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 21. maí 2008, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 5. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 29. maí 2008, Siglingastofnun með bréfi dags. 20. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 10. og 20. júní 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Mannviti, fyrir hönd framkvæmdaraðila, með bréfi dags. 13. júní 2008 og frá Reykjaneshöfn með tölvupóstum dags. 9. og 11. júní 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í tilkynningu Reykjaneshafnar kemur fram að stækka eigi Helguvíkurhöfn með því að lengja fyrirliggjandi viðlegukant í norðurhluta Helguvíkur um 60 m í austurátt og 100 m í vesturátt. Þá eigi að gera nýjan 360 m langan viðlegukant í sunnanverðri víkinni, þar sem athafnasvæði Norðuráls verði, og stækka núverandi brimvarnargarð um 100 m til austsuðausturs til þess að verja nýjan viðlegukant fyrir úthafsöldu og brimi. Tilgangur framkvæmdanna sé að bæta hafnaraðstöðu í Helguvík enn frekar en nú er og stuðla þannig að áframhaldandi uppbyggingu hafnarþjónustu á svæðinu. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdir við stækkun hafnarinnar geti hafist sumarið 2008 og áætlað sé að ljúka þeim á 2 árum.

Fram kemur að til þess að skapa athafnasvæði við höfnina þurfi að sprengja stóran hluta af 15-20 m háu klettabelti við víkina (alls um 625.000 m³). Berg sem sprengja þurfi verði nýtt til fyllingar á fyrirhugaðri lóð álvers Norðuráls (370.000 m³), til fyllingar vegna nýja viðlegukantsins (200.000 m³) og til endurbóta á brimvarnargarði (50655.000 m³). Flatarmál þess svæðis sem sprengja á verði um 36.000 m² og um 13.000 m² af sjávarbotni fari undir grjótnarnargarð. Vegna viðlegukants verði stálþil rekið niður í setlög á sjávarbotni og í skurði þar sem sprengja þurfi fyrir kantinum. Dýpkað verði framan við þil eftir því sem með þurfi og 90695.000 m³ af sjávarseti fjarlæggt. Efni sem þarf í brimvarnargarðinn fáist með fyrirhugaðri dýpkun hafnarinnar og bergi sem sprengt verði úr klettabeltinu við Helguvík.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að svæðið við Helguvík sé skilgreint sem hafnar- og iðnaðarsvæði og jafnframt sem framtíðaratvinnusvæði Reykjanesbæjar í iðnaði í núgildandi Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015. Fyrirhuguð stækkun Helguvíkurhafnar sé í samræmi við nýlega samþykkt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Ekkert friðlýst svæði né landssvæði sem er á náttúruminjaskrá sé í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir. Fram kemur að við efnistöku til fyrirhugaðra framkvæmda verði haldið áfram að sprengja niður um 15-20 m hátt klettabelti til að koma fyrir nýja viðlegukantinum og athafnasvæði við hann. Um 75% klettabeltisins hafi nú þegar verið raskað með grjótnámi, hafnar- og vegagerð. Landslag og ásýnd svæðisins

muni því halda áfram að breytast eftir því sem klettabeltið verði brotið niður eins og gert var í tengslum við núverandi höfn, þar sem áður hafi verið samfellt klettabelti.

Áhrif á sjávarstrauma. Fram kemur að Reykjaneshöfn telji framkvæmdina ekki hafa í för með sér breytingar á sjávarstraumum.

Áhrif á lífríki. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að sjávarbotn í grennd við núverandi höfn og við olúbryggju NATO sé raskaður og hluti sjávarbotns þar sem nýr grjótgarður muni rísa hafi raskast þegar núverandi brimvarnargarður var gerður. Framkvæmdaraðili telur þó að nýr grjótgarður muni að stærstum hluta liggja á botni sem sé lítið eða ekki raskaður. Rask verði þegar stálþil verði rekin niður í set á sjávarbotni, þegar sprengt berg verði sökkt á staðnum og vegna dýpkunarframkvæmda. Dýpkunarframkvæmdir róti upp seti og gruggi, sem geti breytt aðstæðum á sjávarbotni og haft neikvæð áhrif á botndýr og aðrar lífverur sem þar lifa. Á rekstrartíma hafnarinnar, að lokinni stækkun, megi búast við aukinni skipaumferð, sem auki hættuna á því að mengunarefni berist í sjó (t.d. olía) og neikvæð áhrif verði á vistkerfi sjávar í námunda við Helguvíkurböfn og á sjávarbotni innan hafnarinnar.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Á framkvæmdasvæðinu sé einn þjóðsögustaður en engar fornleifar.

Mengunarefni í botnseti. Meðan á umsagnarferlinu stóð bárust frá framkvæmdaraðila niðurstöður mælinga á þungmálmum og PCB í botnseti úr Helguvík. Í öllum tilfellum var styrkur mengunarefna undir öryggismörkum.

Samfélagsleg áhrif. Fram kemur að með stækkun Helguvíkurhafnar og fyrirhugaðri uppbyggingu iðnaðarsvæðis með hafnsækna starfsemi að leiðarljósi muni skatttekjur bæjarins aukast og atvinnutækifærum fjölga.

Heildaráhrif. Framkvæmdaraðili telur að stækkun Helguvíkurhafnar samræmist fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðinu og framtíðar landnotkun þar. Framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á samfélagið í ljósi aukinna skatttekna og fjölgunar atvinnutækifæra. Lítt eða óraskaður sjávarbotn innan framkvæmdasvæðisins muni raskast og búsvæði sjávarlífvera fara forgörðum á því svæði. Áhrifa á lífríki muni einnig gæta að einhverju leyti á hafnarsvæðinu. Talið er að önnur áhrif á umhverfið verði óveruleg, s.s. á hafstrauma.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Reykjanesbær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Reykjanesbæjar kom fram að fyrirhuguð stækkun Helguvíkurhafnar sé í samræmi við deiliskipulag hafnarsvæðisins frá 3. mars 2008. Með deiliskipulaginu hafi fylgt umhverfisskýrsla sem greindi m.a. frá fyrirhugaðri stækkun hafnarinnar og helstu áhrifum hennar. Fram kemur að engar athugasemdir hafi borist vegna breytinga á deiliskipulaginu.

Í umsögn Siglingastofnunar kom fram að efni til stækkunar á núverandi brimvarnargarði verði tekið á svæði við fyrirhugaða viðlegukanta og úr opinni grjótnámu. Stofnunin telur neikvæð áhrif á umhverfi verði óveruleg og framkvæmdirnar muni styrkja þá hafnarstarfsemi sem nú þegar sé fyrir hendi.

Áhrif á hljóðvist. Í umsögn sinni bendir Umhverfisstofnun á að í tilkynningu framkvæmdaraðila sé ekki fjallað um ónæði sem hlotist gæti af sprengingum og þegar stálþil séu rekin niður. Þar sem framkvæmdirnar séu tímabundnar og staðsettar á athafnasvæði telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að um umtalsverð umhverfisáhrif verði að ræða. Stofnunin bendir þó á ákvæði reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og leggur áherslu á að þess sé gætt að hljóðstig vegna framkvæmdanna haldist innan þeirra viðmiða sem þar komi fram.

Áhrif á náttúruminjar. Í umsögn sinni benti Umhverfisstofnun á að samkvæmt aðalskipulagi Reykjanesbæjar sé gert ráð fyrir bæjarfriðun á Bergi. Svæðið sé ætlað til útivistar og gert sé ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni að Helguvíkurnefi. Einnig sé kletturinn Stakkur, norðan Helguvíkur, verndaður með skipulagi.

Áhrif á lífríki. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kom fram að megin hluti framkvæmdanna muni fara fram innan hafnar þar sem hafnarsvæði hefur ítrekað verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Þar segir einnig að lítið svæði fari undir fyrirhugaðan brimvarnargarð. Fram kemur að lífríki á þessu svæði sé ekki þekkt en nokkur vitneskja liggja fyrir um lífríki á leirbotni aðeins utar, þar sem ekki sé að finna sjaldgæfar eða einstakar tegundir. Í könnunum sem liggja fyrir á grýttum fjörum í nágrenni Helguvíkurhafnar hafi komið fram að þar sé lífríki fremur fátæklegt. Í ljósi þessara atriða telur Hafrannsóknastofnunin að framkvæmdin við Helguvíkurhöfn skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að við dýpkun með sprengingum og greftri fylgi töluvert upprót sets og gruggs, sem geti breytt aðstæðum á sjávarbotni og haft neikvæð áhrif á botndýr og aðrar lífverur sem þar lifa. Þá geti aukin umsvif við höfnina haft neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar og sjávarbotn innan hafnarinnar. Benti stofnunin á að ekki liggja fyrir rannsóknir á botndýralífi í Helguvík. Því hafi ályktanir framkvæmdaraðila um að lífríki Helguvíkur sé fábreytt og ekki sérstakt og að botndýralíf hafnarsvæðisins sé svipað því sem rannsakað var við Selvík, ekki verið staðfestar. Því telji Umhverfisstofnun æskilegt að rannsóknir verði gerðar á lífríki á framkvæmdasvæðinu í ljósi þess að á stærstum hluta þess er um lítt eða nær óraskaðan botn að ræða.

Í svari við umsögn Umhverfisstofnunar áréttaði framkvæmdaraðili að með orðalaginu um að botninn innan hafnar sé lítt eða nær óraskaður sé átt við að botninn hafi orðið fyrir litlum beinum áhrifum. Lífríkið innan hafnar muni hins vegar verða fyrir stöðugu áreiti við brottför og komu stórra skipa (olískip o.fl.) með því að róta upp lausu efni á klettbotni hafnarinnar, sérstaklega á stórstraumsfjöru. Framkvæmdaraðili bendir á að í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar komi fram að meginhluti framkvæmdanna fari fram innan hafnar þar sem hafnarsvæði hafi ítrekað verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Auk þess bendi Hafrannsóknastofnunin á að í þeim könnunum sem liggja fyrir á grýttum fjörum í nágrenni Helguvíkurhafnar hafi komið fram að lífríki þar sé fremur fátæklegt og ekki fundist sjaldgæfar eða einstakar tegundir. Framkvæmdaraðili telur að rannsóknir á lífríki á framkvæmdasvæðinu komi

ekki til með að skipta sköpum við ákvörðun um hvort ráðist skuli í frekari framkvæmdir við Helguvíkurböfn.

Í frekari umsögn taldi Umhverfisstofnun, miðað við þær upplýsingar sem fram komu í svörum framkvæmdaraðila, ekki líkur á að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki.

Áhrif á sjávarstrauma. Umhverfisstofnun taldi að í gögnum framkvæmdaraðila skorti rökstuðning fyrir því að framkvæmdin hafi ekki í för með sér áhrif á sjávarstrauma.

Í svari framkvæmdaraðila var bent á að sjávarstraumar við Helguvíkurböfn séu fyrst og fremst sjávarfallastraumar. Straumútreikningar sýni að bygging brimvarnargarðs muni ekki þrengja op Helguvíkurböfnar og að sjávarfallastraumar innan hafnar muni ekki breytast. Í þessu sambandi hafi verið gerðar líkantilraunir hjá Siglingastofnun á árunum 2007 og 2008.

Í frekari umsögn taldi Umhverfisstofnun upplýsingar framkvæmdaraðila nægjanlegar hvað varðar áhrif á sjávarstrauma.

Áhrif þess að varpa dýpkunarefnum í hafið. Í umsögn sinni vakti Umhverfisstofnun athygli á að varp efna og hluta í hafið sé óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Í svari framkvæmdaraðila kom fram sú afstaða að losun efna í garða eða landfyllingar falli ekki undir lög nr. 33/2004. Umhverfisstofnun beri að hafa umsögn ef varpa eigi dýpkunarefni í haf, en ekki í þessu tilfalli þar sem framkvæmdin sé innan hafnar og allt efni í garðinn verði tekið úr höfninni og námu á landi.

Í frekari umsögn bendir Umhverfisstofnun á að opin landfylling, þ.e. nýmyndun lands þar sem efni liggja á hafsbötni, teljist vera varp í hafið í skilningi laganna. Ef nýta eigi dýpkunarefni og sjávarset í brimvarnargarð og efnið ekki strax losað í lokað hólfi sé slíkt óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun Helguvíkurböfnar til að bæta hafnaraðstöðu í Helguvík og stuðla þannig að áframhaldandi uppbyggingu hafnarþjónustu á svæðinu. Lengja á fyrirbyggjandi viðlegukant í norðurhluta Helguvíkur og gera nýjan viðlegukant í sunnanverðri víkinni, þar sem fyrirhugað athafnasvæði Norðuráls verður. Einnig á að stækka núverandi brimvarnargarð til austsuðausturs til þess að verja nýjan viðlegukant fyrir úthafsöldu og brimi. Til þess að skapa athafnasvæði við höfnina á að sprengja stóran hluta af háu klettabelti við víkina. Berg sem sprengt verður á að nota til fyllingar á fyrirhugaðri lóð álvers Norðuráls, til fyllingar vegna nýja viðlegukantsins og til endurbóta á brimvarnargarði. Vegna viðlegukants á að reka stálþil niður í sjávarbotn og dýpka framan við þil. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á núverandi landnotkun verði óveruleg. Fyrir liggur að fyrirhuguð stækkun Helguvíkurhafnar er í samræmi við gildandi deiliskipulag hafnarsvæðisins.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði ekki verulega neikvæð. Fyrir liggur að miðað við fyrri framkvæmdir á núverandi athafnarsvæði hafnarinnar mun fyrirhuguð landmótun með sprengingum á bergi, til að koma fyrir nýjum viðlegukanti og athafnarsvæði við hann, breyta landslagi og ásýnd svæðisins enn frekar en nú er. Sjónræn áhrif af landi verða þó líklega takmörkuð, þar sem athafnarsvæði hafnarinnar verður úr augsýn, undir háu bergi.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar verði ekki verulega neikvæð. Fyrir liggur að straumútreikningar og líkantilraunir Siglingastofnunar benda til þess að sjávarfallastraumar innan hafnar muni ekki breytast. Í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekkert svæði sem er friðlýst eða á náttúruminjaskrá. Innan hafnarinnar hefur sjávarbotni ítrekað verið raskað vegna fyrri framkvæmda og tiltölulega lítið svæði mun fara undir fyrirhugaðan brimvarnargarð. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um lífríki á leirbotni og grýttum fjörum í nágrenni við Helguvík eru litlar líkur á að sjaldgæfar eða einstakar tegundir sé að finna á framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á menningarminjar verði óveruleg. Gerð hefur verið athugun á fornleifum við Helguvík, sem leiddi í ljós að á framkvæmdasvæðinu er einn þjóðsögustaður en engar fornleifar.

Skipulagsstofnun telur líklegt að samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar verði jákvæð. Líkur verði á að með stækkun Helguvíkurhafnar og fyrirhugaðri uppbyggingu iðnaðar á svæðinu muni tekjur Reykjanesbæjar aukast og atvinnutækifærum fjölga.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af Reykjaneshöfn við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Reykjaneshafnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun Helguvíkurhafnar, Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru í samræmi við Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015 og nýlega samþykkt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Framkvæmdirnar eru háðar leyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt þurfi leyfi Umhverfisstofnunar til að varpa efni og hlutum í hafið, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Reykjaneshöfn og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson